

Mar. 16

ÞARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

## Aðalfundur aðalstjórnar UMFN, þann 16. mars 2016 kl. 19:30 í Íþróttamiðstöð Njarðvíkur

Mættir voru: Anna Andrésdóttir, Ágústa Guðmarsdóttir, Einara Lilja Kristjánsdóttir og Ólafur Eyjólfsson úr stjórn félagsins og Jenný L. Lárusdóttir framkvæmdarstjóri ásamt 17 öðrum gestum. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir úr stjórn og tveir aðrir gestir mættu eftir að fundur var hafinn.

### Dagskrá fundarins:

1. Fundur settur.
  - Kosning fundarstjóra
  - Kosning fundarritara
  - Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
  - Ávarp formanns
  - Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda, vegna ársins 2015, fram til samþykktar
2. Heiðursviðurkenningar.
3. Ávarp gesta.
4. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda
  - Kosinn formaður.
  - Kosnir 2 stjórnarmenn til tveggja ára.
  - Kosnir 2 stjórnarmenn til eins árs
  - Kosnir 2 varamenn.
  - Kosnir 2 skoðunarmenn og einn til vara.
5. Önnur mál.
6. Fundarslit.
  1. Ólafur Eyjólfsson setur fundinn og stingur upp á Böðvari Jónssyni sem fundarstjóra, það er samþykkt samhljóða.

Böðvar leggur til að Anna Andrésdóttir verði fundarritari og er það samþykkt samhljóða.

Fundargerð síðasta aðalfundar er lesin upp og samþykkt samhljóða.

Ólafur formaður ávarpar fundin. Hann fer yfir helstu atburði ársins 2015. Þorablót UMFN var haldið í byrjun árs og var þar met þáttaka og mikil ánægja. Landsmót 50+ á Sauðárkróki í júní, þangað fóru um 40 manns frá Reykjanesbæ, bæði keppendur og fararstjórar. Keppendur kepptu í hinum ýmsu greinum og unnu til margra verðlauna. Næsta 50+ landsmót verður haldið á Ísafirði og er undirbúningur að því þegar hafinn. Hann minntist á að Unglingalandsmót á Akureyri var um verslunarmannahelgina, þar mættu fáir fá UMFN en stóðu sig vel, það var langt á milli staða á mótinu sem varð til þess að foreldrar þurftu að keyra mikið fram og til baka með börn sín. Næsta unglíngalandsmót verður haldið í Borgarnesi og leggur hann til að félagsmenn fjölmenni þangað. Unglingalandsmót er orðið mun vinsælla en aðal landsmótið sem er haldið á fjögurra ára fresti.

Rætt var um að endurvekja UMFN daginn, það var gert með vinaviku í samvinnu við skólana í Njarðvík, það fólst í því að frítt var á allar æfingar í viku og buðu börn sem þegar voru byrjuð að æfa öðrum vinum sínum með sér á æfingar, þetta varð til þess að aukning varð á iðkendum, í lokin var haldin skemmtun í íþróttahúsinu, þar sem Friðrik Dór kom og söng með krökkunum..

Sambandsþing UMFÍ var haldið í Vík í Mýrdal, UMFN sendi fjóra þátttakendur þangað. Sport- og ævintýraskólinn var haldinn sjöunda árið í röð og hefur Andrés Eyjólfsson séð um hann öll árin.

Aðalfundum allra deilda er lokið og eru allar stjórnir full mannaðar, fjármálastaða er góð og batnandi á milli ára.

Það hefur verið mikið vandamál með að klára heimasíðuna en það tókst að lokum og var það fyrirtækið Fullstack sem sá um það eftir tvær misheppnaðar tilraunir annarra aðila.

Búið að gera úttekt á aðstöðu félagsins, næst á dagskrá er að setja af stað nefnd til þess að móta framtíðarsýn félagsins.

Hann þakkar öllum sem hafa lagt hönd á plóginn í þágu félagsins, það eru margir sem vinna gott starf.

Gunnar Þórarinsson kemur í pontu og fer yfir ársreikning félagsins. Hann býður fundargestum að spyrja út í ársreikninginn eða koma með fyrirspurnir.

Böðvar býður fundargestum að taka til máls, enginn óskar eftir því. Ársreikningur UMFN er samþykktur samhljóða.

## 2. Heiðursviðurkenningar veittar

Eftirfarandi aðilum er veitt;

Mar. 16

## ÞARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

Gullmerki fyrir 20 ára starf eða keppni fyrir félagið á vegum körfuknattleiksdeildar:

Ómar Kristjánsson  
Björgvin Magnússon  
Ágúst Hrafnsson  
Lára Ingimundardóttir

Gullmerki fyrir 20 ára starf eða keppni fyrir félagið á vegum knattspyrnudeildar

Guðmundur Sæmundsson  
Jón Einarsson

Silfurmerki, fyrir 15 ára starf eða keppni fyrir félagið á vegum knattspyrnudeildar

Helgi Arnarson

Bronsmmerki fyrir 10 ára starf eða keppni fyrir félagið á vegum knattspyrnudeildar

Þórir Hauksson  
Haraldur Helgason

Bronsmmerki fyrir 10 ára starf eða keppni fyrir félagið á vegum körfuknattleiksdeildar

Halldóra Halldórsdóttir

Ólafur Thordersen kemur til þess að veita Ólafsbikarinn, sem er hugsaður fyrir einstaklinga sem vinna fyrir félagið utan vallar, hann hlýtur að þessu sinni

Halldóra Halldórsdóttir

Kaffihlé

3. Það var send kveðja til fundarins frá UMFÍ en enginn frá þeim átti kost á að komast á fundinn.
4. Það er misræmi í lögum UMFN og þeirri hefð sem skapast hefur á aðalfundi, það er að venjulega eru kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára annað hvert ár en samkvæmt lögum ætti að kjósa tvo til tveggja ára og tvo aðra til eins árs. Ákveðið er að halda í hefðina en tekið er fram að það þyrfti að leggja fram lagabreytingu fyrir næsta aðalfund til þess að reglur um kosningar séu á hreinu.

Ólafur Eyjólfsson bauð sig fram til formanns og var kosinn samhljóða.

Anna Andrésdóttir og Ágústa Guðmarsdóttir buðu sig fram til tveggja ára stjórnarsetu og voru

Mar. 16

kosnar samhljóða.

## DRAGGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

Einara Lilja Kristjánsdóttir og Sigríður Ragnarsdóttir voru kosnar til tveggja ára í fyrra, Sigríður Ragnarsdóttir hefur beðist lausnar frá störfum og í hennar stað býður sig fram Jenný L. Lárusdóttir, það er samþykkt samhljóða.

Brynja Vigdís og Thor Hallgrímsson bjóða sig fram til varamanna stjórnar og eru kosin samhljóða.

Kristín Örlygsdóttir og Valþór Söring buðu sig fram sem skoðunarmenn reikninga og Ingigerður Sæmundsdóttir til vara og voru þau öll kosin samhljóða.

5. Það kom upp vandamál varðandi tilnefningu á íþróttamanni- og konu ársins síðustu tvö árin en það var vegna þess að Massi vildi tilnefna tvo aðila, semsagt lyftingamann/konu (ólympískar lyftingar) og kraftlyftingamann/konu ársins. Samkvæmt hefðum síðustu ára hefur aðeins verið hægt að tilnefna einn mann/konu frá hverri deild og því var ekki gefið leyfi fyrir því að Massi myndi tilnefna fleiri en einn af hvoru kyni. Þetta varð til þess að aðalstjórn ákvað að útbúa reglugerðir varðandi fleiri en eina íþróttagrein innan sömu deildar og tilnefningar og veitingar heiðursviðurkenninga hjá UMFN. Þetta eru þrjár reglugerðir sem hljóma í stuttu máli þannig að hver deild má stunda fleiri en eina íþróttagrein svo lengi sem þær fara saman varðandi aðstöðu og annað, það er leyfilegt að tilnefna aðila í öllum þeim íþróttagreinum sem eru stundaðar innan hversrar deildar til íþróttamanns ársins. Þriðja reglugerð felur í sér að hver deild velur íþróttmann sinnar deildar og úr þeim hópi kjósa stjórnarmenn aðalstjórnar íþróttamann UMFN.

Böðvar býður fundargestum að taka til máls varðandi þessa reglugerðarkynningu eða önnur mál, það var enginn sem óskaði sér hljóðs.

6. Ólafur þakkaði fundarstjóra, fundarritara og Einöru myndatökumanni fyrir góð störf og 9.-10. flokki kvenna hjá körfuknattleiksdeild fyrir veitingar fundarins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:42